

# HEILBRIGÐISEFTIRLIT

Hafnarfjarðar- og  
Kópavogssvæðis

Garðatorg 5 • Pósthólf 329 • 212 Garðabær • Sími 550 5400 • Fax 550 5409 • [www.heilbrigdisftirlit.is](http://www.heilbrigdisftirlit.is) • [hhk@heilbrigdisftirlit.is](mailto:hhk@heilbrigdisftirlit.is)

Landey ehf  
Ögurhvarf 4a  
203 Kópavogur  
b.t.Inga Guðmundssonar

TS, 09.40 Garðabær 23. ágúst 2017

## Eftirlitsskýrsla

Þann 21. ágúst 2017 var farin vettvangsskoðun á landi Lónakots (land nr.123 167) í Hafnarfriði. Tilefni var áform Landeyjar ehf. um að rífa gamalt fjárhús og hlöðu (byggingar) í landi Lónakots (landnúmer 123 167) sem þar stendur. Fyrir liggur umsókn um leyfi til niðurrifs.

Viðstaddir frá Landey ehf. var Jón Águst Pétursson sem er sambandsaðili eða tengill fyrirtækisins vegna áforaðs niðurrifs. Fram kom að verktaki á vegum leyfishafa mun annast hreinsun bygginganna, niðurrif og að fjarlægja rusl á lóð í næsta nágranni við byggingarnar. Áformað er að hefja hreinsun og niður rif við fyrsta hentuga tækifæri, og ekki seinna en um mánaðarmótum ágúst/september nk. Á lóðinni eru nokkrir rafgeymar og önnur spilliefni. Spilliefnin þarf að fjarlægja sérstaklega og skila til efnamóttöku fyrir spilliefni áður en eignlegt niður rif hefst og geyma kvittanir móttökuaðila fyrir spilliefnin. Byggingarnar eru með bárujárnspaki. Paksperrur og veggir er úr timbri, ekkert bendir til að asbest sé að finna í húsunum. Sérbygging eða smáhýsi, reykhús, er á staðnum sem einnig er áformað að rifa

Við niður rif ber að huga að sem mestri flokkun úrgangsefna. Minnt er á að ódýrir farvegir eru fyrir ámálað timbur og járn. Önnur úrgangsefni sem til falla eru plast (einangrun og þak-rennur og fl.), málað timbur, óendurvinnanleg steinull og steypuafgangar. Minnt er á að skila á til heilbrigðiseftirlits skýrslu um ráðstöfun úrgangs í lok verktíma.

Byggingafulltrúi tekur ákvárdanir er varða skermun lóðar ef þess telst þörf.

F.h. heilbrigðiseftirlits

Tore Skjenstad  
heilbrigðisfulltrúi


Samrit af skýrslu þessari er sent sviðsstjóri umverfis- og skipulagssviðsp Hafnarfjarðarbæjar.

Meðfylgjandi myndir og myndtexti sem eru hluti eftirlitsskýrslu voru teknar 21.8.2017





Byggingar eru úr timbri (timburstoðir) sem aðallega eru klæddar bárujárni.



Innandyra er talsvert af timbri, plasti og öðrum úrgangi sem verður að flokka niður eftir efnisflokkum og skila inn til réttrar förgunar.

Minnt er á skýrslu um ráðstöfun úrgangs sem skila á eftirliti í lok verktíma.



Ljósavél er á staðnum.  
Hana ber að tæma af olíu og og einnig þarf að kanna hvort þar leynist olíugeymar.  
Ef svo er þarf að tæma þá og fjarlægja.  
Fjarlægja þarf öll spilliefni og koma í viðurkennda förgun áður en niðurrif hefst.  
Jarðvegur undir ljósvél er einnig talsvert mengaður.  
Hann þarf að grafa upp og koma í förgun til Sorpu.



Innvolsið í reykhúsínu er úr plasti og steinull.

Þarf að flokka og fara með í rétta förgun.



Járn og timburúrgangur  
liggur viða í námunda við  
byggingarnar.

Sammælst var í eftirliti að  
leyfishafi mun hreinsa  
svæðið samfara niðurrifinu.